


Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/1384
komudagur 12.2.2008



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Reykjavík, 11. febrúar 2008

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um samgönguáætlun, 292. mál

Við þökkum móttækið bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 17. jan. sl. þar sem boðið er upp á umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu við frumvarp til laga um samgönguáætlun.

SVP vekja athygli samgöngunefndar á tveimur atriðum sem brýn ástæða er til að setja inn í lög um samgönguáætlun og er samgöngunefnd Alþingis með þessari umsögn hvött til að standa fyrir þeim breytingum.

Annars vegar er ástæða til bæta eftirfarandi texta við í 1. mgr. 2. gr. þar sem stendur m.a. *“Jafnframt skal m.a. meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bætтар samgöngur.”* Er hér lagt til að gerð verði eftirtalin breyting *“Jafnframt skal m.a. meta og taka tillit til þarfa atvinnulífs landsins alls fyrir bætтар samgöngur þ.m.t. ferðaþjónustunnar og framléiðslugreina.”* Þetta er gríðarlega mikilvæg breyting og myndi sýna að löggjafinn gerði sér grein fyrir mikilvægi samgangna fyrir samfélagið allt. Greiðar samgöngur eru mjög mikilvægar fyrir allar atvinnugreinar og í raun eru bætтар samgöngur kannski hin eina sanna byggðastefna. Fyrirtæki í samkeppnisrekstri, hver sem hann er, þurfa að reiða sig á samgöngukerfið. Slæmar samgöngur skekkja samkeppnishæfni tiltekinnna landshluta.

Til frekari rökstuðnings er hér látið fylgja með kort af þungatakmörkunum á þjóðvegakerfinu 11. mars síðastliðinn. Þetta kort segir meira en mörg orð um mikilvægi þess að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs út um allt land við samgönguáætlun. Þungatakmarkanir á vegum skapa óvissu í rekstri fyrirtækja og auka kostnað þeirra umtalsvert. Sá kostnaður skerðir samkeppnishæfni fyrirtækja út um land í samkeppni við fyrirtæki á svæðum þar sem samgöngur eru greiðar. Ef gerð yrði krafa um það í samgönguáætlun að meta og taka tillit til þarfa atvinnulífs við gerð samgönguáætlunar þýddi það m.a. að gerð yrði krafa um að varpa ljósi á þennan þátt árlega og er ekki að efa að það yrðu upplýsandi upplýsingar. Þess má geta í þessu sambandi að Norðmenn tóku þá ákvörðun fyrir 15 árum að leggja af þungatakmarkanir á vegum. Þungatakmarkanir voru aflagðar og stjórnvöld tóku á sig þá ábyrgð að gera vegakerfið þannig úr garði að það bæri tiltekinn þunga og það væri þeirra skylda að gera við vegina þar sem ástand þeirra kallaði á slíkt.

Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við einum lið,– d. lið, við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. D-liðurinn hljómi svo: *“að gæta þess að hlusta á sérfræðiþekkingu atvinnulífsins á þeim málaflokkum sem unnið er að hverju sinni og tryggja að þeirra hlið sé ávallt með í*

vinnslunni.” Með þessari breytingu yrði tryggt samráð samtaka atvinnulífsins og stofnana og/eða fyrirtækja samgönguráðuneytisins um gerð samgönguáætlunar allan vinnslutímamann en það samráð er mjög brýnt. Það segir sig sjálft að við gerð stefnumótunar í samgöngumálum til tólf ára þar sem verið er að fjalla um málaflokka eins og siglingar, vegakerfi og flug er eðlilegt að gera þá kröfu að fulltrúar viðkomandi atvinnugreina komi sínum sjónarmiðum að. Löggjafinn á gæta hagsmuna samfélagsins í sinni lagasmíð – ekki bara hagsmuna ríkisins en því miður er það mjög áberandi þáttur í löggjöf Íslendinga að það er sem það sé einungis ein hlið á málum – hlið ríkisins. Atvinnugreinar í landinu eru ekki bara einhverjir “hagsmunaaðilar”, -atvinnulífið í landinu er gangverk samfélagsins. Því er sjálfsögð krafa að við stefnumótun löggjafans varðandi tiltekna atvinnugreinar til tólf ára sé tryggt að fulltrúar viðkomandi atvinnugreina komi að gerð áætlunarinnar. Með þessu er alls ekki verið að gera lítið úr sérfræðiþekkingu stofnana ríkisins einungis bent á að innan fyrirtækja atvinnulífsins er til staðar sérþekking á þörf fyrir pólitíska stefnumótun til framtíðar sem ekki er að sama skapi að finna innan ríkisstofnana. Það þarf ekki að efast um að löggjöf þar sem tryggt væri að sérfræðiþekking atvinnugreinanna kæmist að á frumstigi verður mun betri löggjöf heldur en löggjöf sem búin er til með aðra hliðina uppi á borði allan vinnslutímamann.

Í samræmi við ofangreint er lagt til að bætt verði við 4. gr. frumvarpsins um samgönguráð fulltrúa samtaka atvinnulífsins. Það á að vera sjálfsagt mál og mun sjálfsagðara en að samgönguáætlun sé unnin eingöngu af ríkisvaldi; ráðuneyti og undirstofnunum þess.

Í tengslum við frumvarp til laga um samgönguáætlun og tillögu um aðild atvinnulífsins að samgönguráði er vakin athygli samgöngunefndar Alþingis á Landflutningaráði og hlutverki þess. Við teljum að **ástæða sé til að festa Landflutningaráð í sessi með lögum um samgönguáætlun og gefa því lögformlegt hlutverk.**

Landflutningaráð var skipað með bréfi samgönguráðuneytisins 31. okt. 2007 (sjá afrit af skipunarbréfi meðfylgjandi) en því er ætlað að vera vettvangur skoðanaskipta á milli hagsmunaaðila í landflutningum, ráðuneytis og undirstofnana þess. Flutningasvið SVÞ hefur ítrekað farið fram á að ráðuneyti og stofnanir hafi samráð við okkur um málefni sem að okkur snúa og fagnaði því þegar ráðið var skipað. Reynslan fram að þessu gefur þó tilefni til að velta upp athugasemdir og full ástæða er til að óska eftir að löggjafinn taki þær athugasemdir til umræðu.

Framkvæmdavaldið er gríðarlega sterkt á Íslandi, svo sterkt að oft er sem fyrirtækin búi við algjört alræði ríkisvalds. Í ljósi þess er mikilvægt þegar samráðsvettvangur sem ætlunin er að tryggja að atvinnulífið hafi aðkomu að er búinn til þá sé þeim samráðsvettvangi ekki stjórnað af framkvæmdavaldinu líka. Stimpilráð fyrir framkvæmdavaldið ættu að vera óþörf, en aftur á móti er full þörf fyrir samráð atvinnulífsins við ríkisvaldið (ráðuneyti og stofnanir) og stjórnmalámennt.


Landflutningaráð þarf að tryggja skilvirkni og vera eins fámennt og hægt er. Það á einungis að vera skipað fulltrúum ríkisvaldsins sem búa til starfsumhverfi landflutninga og fulltrúum atvinnulífsins sem eiga beint erindi við ríkisvaldið um sitt starfsumhverfi.


Kjaramál eru augljóslega ekki forgangsmál ráðs sem hefur með landflutningamál að gera og því er fulltrúum ASÍ ofaukið í ráðinu.

Lagt er til að samgöngunefnd Alþingis taki Landflutningaráð, skipan þess og hlutverk til umræðu í tengslum við frumvarp til laga um samgönguáætlun og velti fyrir sér hvort ástæða sé til að ráðið sé fest í sessi í þeim lögum.

Að síðustu er vakin athygli á umsögnum SVP um samgönguáætlanir til 4. og 12. ára frá 27. febrúar 2007. Þar er að finna frekari rökstuðning fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Sigríy Sigurðardóttir
Forstöðumaður flutningasviðs

A large, stylized handwritten signature in black ink, which appears to be 'Sigríy Sigurðardóttir', written over the printed name and title.





SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

kennitala: 550269-1639

sími: 545 8200 bréfasími: 562 1702

postur@sam.stjr.is

www.samgonguraduneyti.is

Samtök verslunar og þjónustu
Signý Sigurðardóttir,
Borgartúni 35
105 REYKJAVÍK

Reykjavík 31. október 2007

Tilv.: SAM06030035/031

Efni: Skipun í landflutningaráð.

Samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins eruð þér hér með skipuð í landflutningaráð frá og með 1. nóvember 2007 til tveggja ára.

Með stofnun landflutningaráðs er stefnt að því að skapa vettvang fyrir skoðanaskipti milli hagsmunaaðila varðandi málefni flutninga á landi, en helstu verkefni ráðsins verða:

- að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um landflutningamál
- að vera umsagnaraðili um breytingar á lögum og reglum og stefnumörkun stjórnvalda í málefnum landflutninga
- að vera umsagnaraðili um EES reglur
- annað sem ráðið ákveður að taka til umfjöllunar eða ráðherra felur því.

Seta í landflutningaráði verður ólaunuð af hálfu ráðuneytisins.

Auk yðar sitja eftirtaldir fulltrúar í starfshópnum: Már Guðnason og Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands og Fjóla Pétursdóttir til vara, Jón R. Pálsson og Agnar Danielsson frá Samtökum atvinnulífsins, Björn Ólafsson frá Vegagerðinni og Birgir Hákonarson frá Umferðarstofu, auk fulltrúa samgönguráðuneytisins. Formaður starfshópsins verður Einar Már Sigurðsson, alþingismaður.

Ráðgert er að halda fyrsta fund landflutningaráðs fimmtudaginn 8. nóvember nk. kl. 14.00. Til fundarins verður boðað með dagskrá.

Kristján L. Möller

Ragnhildur Hjaltadóttir